

Ed.

## 809. Nefndarálit

[7. mál]

um frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að sett verði rammalöggjöf um almenningsbókasöfn og fjárráð safnanna aukin til þess að þau geti gegnt því hlutverki að vera menningarstöðvar almennings í byggðum landsins.

Meginstoð var kippt undan frumvarpinu með hinni flauturslegu og vanhugsuðu breytingu á verkefnum sveitarfélaga, sem gerð var í des. s.l. Með þeirri breytingu svipti meiri hluti Alþingis bókasöfnin ríkisframlagi með öllu, en sveitarfélögum einum var gert að skyldu að leggja fram fé til þessara mála.

Með hliðsjón af fjárþörf almenningsbókasafna og eðlilegri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er það álit mitt, að rétt sé að ríkið leggi fram fé á móti sveitarfélögum til almenningsbókasafna, og legg ég því til að frumvarpið verði samþykkt í því formi sem það var upphaflega.

Ég mæli því með að frv. verði samþykkt með svofelldum

### BREYTINGUM:

1. 8. gr. orðist svo:

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til rekstrar almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

- a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins.
- b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður, þar sem safnið er, kr. 1000 á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
- d) Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) kr. 750 á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaga skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

2. 9. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir rekstrarframlag til almenningsbókasafna. Skal það nema þriðjungur af lögboðnum rekstrarfjárframlögum sveitarfélaga, sbr. 8. gr., samkvæmt skýrslum síðasta árs frá söfnunum og manntali.

Heimilt er að verja árlega allt að 3% af heildarframlagi ríkis til sameiginlegra þarfa í þágu safnanna samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis hverju sinni.

3. 10. gr. orðist svo:

Sveitarfélög skulu reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin. Ríkissjóður greiðir helming byggingar- og húsbúnaðarkostnaðar bókhlöðu eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum enda hafi áætlanir og teikningar verið samþykktar af menntamálaráðuneyti, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ragnar Arnalds.